

**124. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti  
16-18,  
2. september 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson varamaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Stefán Þór Steindórsson, Byggingarfulltrúi.

**Fyrir tekið:**

**1. 1903321 - Hleðslustöðvar**

*Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að flýta vinnu vegna úthlutunarskilmála sjóðs sem veitir styrk til húsfélaga í fjöleignahúsum vegna hleðslustæða.*

**2. 1907028 - Fimleikahús - búnaður**

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir þá aðferðafræði sem lögð er fram í meðfylgjandi minnisblaði frá VSÓ Ráðgjöf varðandi útboð á föstum búnaði fyrir fimleikahús sem nú er að rísa á Akranesi.*

**3. 1905331 - Krókatún 3 - umsókn um byggingarleyfi**

Umsókn um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu og breyttu últli einbýlishúss þ.m.t hækkan á þaki. Í gildi er deiliskipulag Krókatún-Deildartún frá 2009. Í deiliskipulagi er skráð stærð hússins 175,4m<sup>2</sup>, gert er ráð fyrir að húsið stækki í 187,2m<sup>2</sup>, eða 11,8m<sup>2</sup>. Deiliskipulagsskilmálar: Heimilt er að byggja litlar viðbyggingar utan byggingarreita allt að 12m<sup>2</sup>, í samræmi við byggingarstíl húsa þar sem aðstæður leyfa." Erindið var grenndarkynnt frá 20.júlí til og með 18. ágúst fyrir eigendum að Krókatúni 1, 2, 4A, 5 og 6. Undirritað samþykki hefur borist frá þeim er fengu grenndarkynninguna.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.*

**4. 1905316 - Kirkjubraut 17 - umsókn um byggingarleyfi**

Umsókn um leyfi fyrir breytingum á útitröppum og stigapalli ásamt samnýtingu göngustígs. Erindið var grenndarkynnt frá 22. júlí til og með 22. ágúst 2019 fyrir eigendum Kirkjubraut 15, 19, 21 og Akurgerði 17a. Kirkjubraut 15, 19 og 21 ásamt eigendum að Akurgerði 17a. Undirritað samþykki barst frá eigendum að Kirkjubraut 21.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.*

**5. 1905410 - Skólabraut 37 - Umsókn um byggingarleyfi**

Umsókn um byggingarleyfi fyrir byggingu kvists á norðurhlíð og breyttum inngangi. Grenndarkynningu lokið 23.8.2019, engar athugsemdir bárust.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin*



*verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.*

**6. 1808052 - Skólabraut 31 - umsókn um byggingarleyfi**

Umsókn um að breyta bílskúr í íbúð tengda einbýlishúsini. Erindið var grenndarkynnt frá 25. júlí til og með 26. ágúst fyrir eigendum ap Skólabraut 27, 29, 33 og Heiðargerði 3. Undirritað samþykki barst frá Skólabraut 29.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.*

**7. 1906020 - Reynigrund 5 - umsókn um byggingarleyfi**

Umsókn um að stækka bílskúr um 3 metra og byggja sólskála framan við stofuglugga samkvæmt meðfylgjandi rissi. Hverfið er ekki deiliskipulagt, en á svæðinu er ígildi deiliskipulags. Stækkan á bílskúr og sólstofu fer út fyrir byggingarreit. Erindið var grenndarkynnt frá 27. júlí til og með 26. ágúst 2019 fyrir lóðarhöfum við Reynigrund 3, 7, 41, 43 og 45. Ein ábending barst.

*Lögð fram ein ábending sem barst við grenndarkynninguna.*

**8. 1908284 - Deiliskipulag Grenja - umsókn um skipulagsbreytingu**

Umsókn um stækkan byggingareits meðfram gömlu skipasmíðastöðinni, Lambhúsasundsmegin, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Teiknistofu arkitekta.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að fram fari grenndarkynning á breytingu deiliskipulagi Grenja. Grenndarkynnt verði skv. 2. mgr. 43. gr. sbr. 2. mgr. 44. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir fasteignaeigendum við Vesturgötu 17, 19, og 25A.*

**9. 1901203 - Aðalskipulag Skógarhverfi - breyting**

*Kynningarfundur vegna breytinga á aðalskipulagi Skógarhverfis var haldinn 26.8.2019. Meðfylgjandi er fundargerð frá fundinum ásamt ábendingum sem bárust eftir fundinn.*

**10. 1908198 - Deiliskipulag Skógarhverfi 3. áfangi A**

*Kynningarfundur vegna deiliskipulags Skógarhverfis áfangi 3A, var haldinn 26.8.2019. Meðfylgjandi er fundargerð frá fundinum ásamt ábendingum sem bárust eftir fundinn.*

**11. 1908199 - Deiliskipulag Skógarhverfi 3. áfangi B**

*Kynningarfundur vegna deiliskipulags Skógarhverfis áfangi 3B, var haldinn 26.8.2019. Meðfylgjandi er fundargerð frá fundinum ásamt ábendingum sem bárust eftir fundinn.*

**12. 1906112 - Deiliskipulag Skógarhverfi 2. áf. - breyting á skipulagsmörkum.**

*Kynningarfundur vegna deiliskipulags Skógarhverfi 2, breyting á skipulagsmörkum, var haldinn 26.8.2019. Meðfylgjandi er fundargerð frá fundinum ásamt ábendingum sem bárust eftir fundinn.*

**13. 1905357 - Deiliskipulag Skógarhverfi 4.áf.**

*Kynningarfundur vegna deiliskipulags Skógarhverfi 4.áfangi, var haldinn 26.8.2019. Meðfylgjandi er fundargerð frá fundinum ásamt ábendingum sem bárust eftir fundinn.*

**14. 1906111 - Deiliskipulag Garðalundur - breyting skipulagsmörk**

*Kynningarfundur vegna deiliskipulags Garðalundar, breyting á skipulagsmörkum, var haldinn 26.8.2019. Meðfylgjandi er fundargerð frá fundinum ásamt*

ábendingum sem bárust eftir fundinn.

**15. 1906102 - Deiliskipulag Skógarhverfi 1. áfangi - Asparskógar 18**

Lögð fram greinargerð hönnuðar vegna athugasemda sem bárust vegna grenndarkynningar við Asparskóga 18.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:00.

Ragnar Þorvaldsson  
Krisján H. Guðnason  
Ólafur Ólafsson  
Sigríður Þ. Þ.  
Stein Þ. Þorvaldsson